

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 17 1944, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem 3. febr. hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

18

3. febr.

fyrir Hvammstangakaupþún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn nær yfir skipalægi meðfram strandlengju Hvammstangahrepps, þ. e. frá línu um bæina Mörk og Grænahvamm að norðan, og að norðurenda Vallna-höfða að sunnan.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Yfirstjórn hafnarinnar er í höndum hreppsnefndar Hvammstangahrepps og hafnarnefndar, sem skipuð er 3 mönnum kosnum af hreppsnefnd Hvammstanga-hrepps til þriggja ára, og gengur einn úr nefndinni á ári, fyrst eftir hlutkesti.

3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála, og eftirlit með höfninni, undir yfirstjórn hreppsnefndar, sér um viðhald á mannvirkjum og annast fjárhald og reikningsskil fyrir hönd Hvammstangahrepps. Hafnarnefnd kys sér sjálf formann, og er hann hafnarstjóri. Hafnarnefnd ákveður laun hafnarstjóra og setur honum erindisbréf. Heimilt er hafnarstjóra að láta annan gegna störfum sínum, ef hafn-arnefnd samþykkir.

4. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Hvammstangahrepps. Skal honum eingöngu varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum þeim, sem henni heyra til, svo og rekstur og viðhald þeirra. Hreppsnefnd Hvammstangahrepps veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber Hvammstangahreppur ábyrgð á eignum hans.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum Hvammstangahrepps og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á bryggjum hennar. Er öllum skylt að hlíta boði hans og banni, og enn fremur þeirra starfsmanna er hafn-

18. febr. 18 arnefnd kann að setja til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipunum starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta fullrar kurteisi í starfa sínum.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á bryggju hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

7. gr.

Ekki má kasta úthyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru því, er getur valdið skemmdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema með samþykki yfirstjórnar hafnarinnar.

Eigendum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með ofangreindu samþykki, er skylt að halda þeim við þannig, að engin hættu geti stafað af þeim. Nú vanrækir eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi, sem nauðsynlegt er að áliti hafnarstjóra, og er þá hafnarnefndinni heimilt að láta gera við mannvirkin á kostnað eiganda, en eigendur eru alltaf ábyrgir fyrir öllum þeim skaða á skipum og mannvirkjum annarra, er kann að stafa frá mannvirkjum hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Skip, sem hvorki ferma né afferma mega aldrei liggja svo á höfninni, að þau tálmi afgreiðslu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunni, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur skip að komast að eða frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það tefji eða hindri umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi eða skipstjóri við að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt eða strengi á höfninni og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

9. gr.

Ekki má festa skip eða bát við bryggju, nema við festarhringi eða festarstólpa, og skal festum þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni. Þyki þess ekki gætt nægilega getur hafnarstjóri látið bæta úr því tafarlaust.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggjunnar.

10. gr.

Meðan hafnarnefnd ekki ákveður annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst og farþega, hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju þótt önnur skip séu þar fyrir, og verða þau að vika

meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með 18 nægilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef 3. febr. hann krefst þess.

11. gr.

Þegar lokið er afgreiðslu skips, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri láta ræsta bryggjuna, ef þörf gerist. Farist það fyrir skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað.

VI. KAFLI

Um hafnargjöld.

12. gr.

Öll skip 12 smálestir nettó og þar yfir skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Hvammstangahöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru þó herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekki samband við land. Hafnargjöld greiðast af nettó stærð skips og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

13. gr.

Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 10 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau leggjast í Hvammstangahöfn. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, er að framan greinir, skulu greiða 20 aura af hverri smálest.

VII. KAFLI

Um bryggjugjöld.

14. gr.

Öll aðkomuskip og aðkomubátar, nema varðskip, herskip og vísindaleg rannsóknaskip, skulu greiða í bryggjugjald 10 aura af hverri nettó rúmlest í hvert sinn sem þau leggjast að bryggju á Hvammstangahöfn. Lægsta gjald skal þó vera 4 kr. sé skipið 12 brúttólestir að stærð eða þar yfir, annars 2 kr. af þilfarsbátum, en 1 kr. af opnum vélbátum.

15. gr.

Bátar heimilisfastir, 12 smálestir eða meira að stærð, skulu greiða 1 kr. á sólarhring fyrir afnot af bryggju og löndunartækjum hafnarinnar, þó ekki meira en 50 kr. á ári. Minni vélbátar greiði 50 aura á sólarhring, þó ekki meira en 25 kr. á ári.

VIII. KAFLI

Um vörugjald.

16. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, lifandi og dauðum, sem fluttar eru af eða á skipsfjöl á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

17. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.

18

3. febr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli, þyngd eða stykkjatölu, með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds og er skipstjóri eða afgreiðslumaður skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður skips eða báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það. sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðist eins og þar segir.

19. gr.

Vörugjaldskrá.

1. fl. 100 aurar fyrir 100 kg: Kol, salt, sement og tilbúinn áburður.
2. fl. 120 aurar fyrir 100 kg: Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
3. fl. 20 aurar fyrir teningsfet: Timbur.
4. fl. 30 aurar fyrir teningsfet: Aðrar vörur eftir máli.
5. fl. 200 aurar fyrir tunnu: Olíur, benzín, smurningsolíur.
6. fl. 120 aurar fyrir tunnu: Síld, kjöt, slátur o. fl.
7. fl. 50 aurar fyrir stk.: Stykkjavara.
8. fl. 400 aurar fyrir stk.: Stórgripir.
9. fl. 100 aurar fyrir stk.: Sauðfé og smærri dýr.
10. fl. 800 aurar fyrir stk.: Bátar, bifreiðar o. þ. u. l.

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

20. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát ber ábyrgð á greiðslu hafnar- eða bryggjugjalds. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á fleytunni, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á fleytunni unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni. Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

21. gr.

Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í vörugjaldskrá, greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Hvammstanga og hefur hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á afgreiðslunni. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr landi, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni má taka lögtaki, og sér hafnarstjóri um innheimtu þeirra.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18
3. febr.

22. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðast af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvor- um aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mán- uður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 5 dóm- kvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er krafðist þess, ef mats- upphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endur- gjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

23. gr.

Enginn, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglu- gerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refs- ing liggi við samkv. lögum. Sektirnar renni í hafnarsjóð Hvammstangahrepps.

25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Með staðfestingu reglugerðar þessarar fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakaupún, nr. 161 frá 5. sept. 1939.

XI. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

27. gr.

Meðan ekki er öðruvísi ákveðið og brýn þörf er á vegna kostnaðarsamra endur- bóta á höfninni, er heimilt að innheimta öll gjöld, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, með allt að 50% álagi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir- breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.